

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bleikja Laugum, Landsveit



Dags eftirlits	26.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Bleikja	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Katrínartún 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470121-0840	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eyrún Viktorasdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Garðar Sigþórsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirliti: 1) Árekstrarvörn vantar á olíutank við rafstöð. 2-4) Ársyfirlit vantar fyrir árin 2022, 2023 og 2024. 5-6) Umhverfisupplýsingar vantar fyrir árin 2023 og 2024.

Engin opin frávik voru við eftirlit.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem var gefið út í 17. apríl 2023 og gildir til 17. apríl 2039 og skal hámarkslífmassi í stöðinni ekki vera meiri en 100 tonn á hverjum tíma.

Vettvangsheimsókn fór fram 26. september 2025 þar sem farið var yfir eftirfarandi:

- Almenn ákvæði (kafli 1 í starfsleyfi).
- Starfshættir (kafli 2 í starfsleyfi).
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 3 í starfsleyfi).
- Innra eftirlit og starfshættir rekstraraðila (kafli 4 í starfsleyfi).
- Umhverfissvöktun (kafli 5 í starfsleyfi).
- Skoðunarferð.

Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit árið 2022 og hefur því verið lokað.

Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Fram kemur í samskiptum að ekki hafa verið seiði í stöðinni síðan í maí árið 2023 en áætlað er að taka inn seiði í stöðina í janúar 2026. Töluverðar framkvæmdir eru við stöðina og kemur fram að fjármögnunarferli er í gangi varðandi endurbyggingu stöðvarinnar. Því hefur engin skráning farið fram, þjálfun, losun, sýnataka o.s.frv.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 42 í reglugerð 884/2017. Árekstrarvörn vantar á olíutank við gömlu rafstöðina.

Gr. 1.4 í eldra starfsleyfi. Ársyfirlit sem skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila var ekki til staðar.

Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti sem ber að skila fyrir 1. maí ár hvert, hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2023.

Gr. 4.4 í starfsleyfi.

Ársyfirliti sem ber að skila fyrir 1. maí ár hvert, hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024.

Gr. 4.5 í starfsleyfi.

Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir rekstrarárið 2023 hefur ekki verið skilað.

Gr. 4.5 í starfsleyfi.

Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir rekstrarárið 2024 hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 20.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir